

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjum.

Samkvæmt heimild í 81. gr. og 2. mgr. 83. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, í samræmi við gildandi deiluskipulag Vestmannaeyja og að fengnum tillögum frá umhverfis- og skipulagsráði Vestmannaeyjabæjar hefur lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum ákveðið eftirfarandi:

1. *Hamarsvegur, íþróttasvæði við Hástein.*
 - a. Bifreiðastöður eru bannaðar sunnanmegin við Hamarsveg frá Áshamri að Brekkugötu.
 - b. Bifreiðastöður eru bannaðar norðanmegin við Hamarsveg frá Brekkugötu að Dalvegi.
2. *Kertaverksmiðja.*
 - a. Biðskylda verður á útkeyrslu af bifreiðastæði norðan við Faxastíg 46 gagnvart umferð um Hlíðarveg. Innakstur verður bannaður af Hlíðarvegi inn á bifreiðastæði.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum, 5. júní 2019.

Páley Borgþórsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 7. júní 2019